

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fjarðabyggð Rimi Mjóafirði Fjarðabyggð Rimi Mjóafirði



Dags eftirlits	22.11.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Fjarðabyggð Rimi Mjóafirði	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Hafnargata 2	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	470698-2099	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Íris Dögg Aradóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram í eftirlitinu; annars vegar að sýnatökubrunnar eru ekki til staðar og hins vegar að niðurstöðum skráninga skv. fyrirmælum um frágang og vöktun, var ekki skilað. Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn vegna reglubundins eftirlits á urðunarstað Fjarðabyggðar í Rima í Mjóafirði.

Enginn úrgangur hefur verið urðaður á staðnum frá árinu 2007. Fyrirmæli um frágang og vöktun voru gefin út þann 5. júní 2020.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- 1) Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- 2) Skoðunarferð

- 1) Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Niðurstöðum skráninga skv. gr. 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun, hefur ekki verið skilað. Skila á skráningum fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár.

- 2) Skoðunarferð

Gengið var um urðunarstaðinn sem er vel gróinn og fellur vel að umhverfinu í kring. Hvergi var að sjá mengun sem má rekja til starfseminnar.

Sýnatökubrunnar eru ekki til staðar en skv. fyrirmælum um frágang og vöktun á að mæla hæð grunnvatnsborðs tvisvar á ári og taka grunnvatnssýni fyrir 1. október annað hvert ár, fyrst árið 2021.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

gr. 1.7 í fyrirmælum um lokun og frágang Skila skal niðurstöðum skráninga til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Engar skráningar hafa borist.

gr. 1.8 í fyrirmælum um frágang og vöktun Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á grunnvatni skal vera til staðar. Engin aðstaða er til sýnatöku, hvorki ofan né neðan urðunarstaðarins.


ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 14.12.2022



Freyr Evarsson

